

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



Dags eftirlits	28.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu varðandi handhafabreytingu á rekstraraðila stöðvarinnar. Engar ábendingar komu fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila við Hólmaslóð í Örfirisey, Reykjavík. Heimilt er að geyma í stærsta geymi allt að 9.000 m³ af olíu og 9.000 m³ af bensíni í stærsta bensíngeymi. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. 14 geymar eru í stöðinni og allir í notkun fyrir utan einn geymir, merktur 030-B209.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Kynning á starfsemi fyrir nýjan eftirlitsmann
 - Staðan frá síðasta eftirliti
 - Útblástursloft skv. gr. 2.1 í starfsleyfi
 - Skráningar skv. gr. 3.1 í starfsleyfi
 - Eftirlitsmælingar skv. gr. 3.2 í starfsleyfi
 - Áhættumat og skjal um stjórnvaldssektir
- Önnur mál

Starfsemi stöðvarinnar var kynnt fyrir nýjan eftirlitsmann. Olíu er landað, hún er geymd og síðan komið frá stöðinni. Starfsemin heldur utan um þetta auk alls sem því fylgir. Í ljós kom í kynningunni að nýtt fyrirtæki sér um olíubirgðastöðina, Gallon. Þar af leiðandi þarf að senda beiðni um handhafabreytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og færa það yfir á nýja kennitölu.

Í síðasta eftirliti kom ein ábending fram um að bæta þurfi inn lið í þjálfunarblað starfsmanna er varðar yfirferð viðbragðsáætlana og viðbrögð við mengunarslysum. Úr því hefur nú verið bætt og það er komið í þjálfunarblaðið.

Mæling á útblásturslofti er sameiginleg fyrir rekstraraðila og Olíudreifingu. Olíudreifing sér um þessar mælingar og síðasta mæling var gerð í september 2021 og var undir mörkum.

Skráningar skv. gr. 3.1 í starfsleyfi eru í góðum farvegi. Skráningar í stöðinni eru gerðar að mestu leyti inn í rafræna rekstrarhandbók inni í CCQ gagnagrunni sem aðgengilegur er öllum starfsmönnum bæði í tölvu og síma, fyrir allar stöðvar rekstraraðila. Daglegar skráningar eru þó einnig gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar. Farið var yfir þær skráningar í eftirlitinu og engin ábending gerð þar um. Almennt viðhald er skráð sem og eftirlit og bilanir á mengunarvarnarbúnaði. Engin mengunaróhöpp hafa komið upp og engar kvartanir borist, hvorki til rekstraraðila né Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsmælingar skv. gr. 3.2 í starfsleyfi eru einnig í lagi. Mælingum í fráveituvatni með Macherey- Nagel olíuprófi eru sendar árlega til Umhverfisstofnunar að hausti til. Úrtök og lausar tengingar er undir eftirliti og hluti af daglegri skráningu og skráð inn á mánaðarblöð. Næsta hreinsun á olíuskiljum er áætluð um miðjan október.

Farið var yfir áhættumat og skjal um stjórnvaldssektir kynnt rekstraraðila.

Undir önnur mál var áður nefnd handhafabreyting rædd. Gallon þarf að senda beiðni um handhafabreytingu til Umhverfisstofnunar og breyta þarf tengiliðaupplýsingum.

Í skoðunarferðinni var gengið um svæðið, og hafnarsvæðið og dælubúnaður þar skoðað sérstaklega. Svæðið var snyrtilegt á að líta, girðingar voru í lagi og engar athugasemdir gerðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 1.1 í starfsleyfi og 5.gr. reglugerðar 550/2018	Breyting hefur verið gerð á nafni og kennitölu rekstraraðila og gera þarf handhafabreytingu á starfsleyfi í samræmi við það sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

ANNAD

Viðstödd var einnig eftirlitið Guðbjörg Stella Árnadóttir frá Umhverfisstofnun

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2022



Margrét Helga Guðmundsdóttir

